

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 13. JÚNÍ 2018

Heimili



Þegar sólin er að fela sig svo vikum skiptir er mörgum skapi næst að örvænta. En það er margt í boði á rigningardögum, bara spurning um hugarfar og hugmyndaflug.

→4



Fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, Aron Einar Gunnarsson, var hvatamaður þess að JS Watch hannaði sérstakt HM-úr nú, líkt og gert var fyrir EM 2016. Hér stendur hann kampakátur með nýja HM-úrið ásamt Grimkeli Sigurbórssyni, Gilberti Ó. Guðjónssyni og Sigurði B. Gilbertssyni hjá JS Watch Co.

HM-úr með vit og visku

Gilbert úrsmiður og JS Watch Company eiga heiðurinn af HM-úrinu World Cup MMXVIII sem var hannað í samvinnu við strákana í íslenska fótbolta-landsliðinu. Úrið er fágætt, fagurt og felur í sér hjartfólgnar tilvísanir. →2

Það var fyrirliðinn frækni, Aron Einar Gunnarsson, sem fyrir hönd strákanna í landsliðinu, óskaði eftir að búin yrði til ný útgáfa af armbandsúri þegar ljóst var að Ísland yrði með í sjálfri úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í Rússlandi,“ upplýsir Grimkell

Sigurbórsson, hönnuður hjá JS Watch co. Reykjavík.

JS Watch hannaði sérstakt EM-úr í samstarfi við strákana í landsliðinu árið 2016, með góðum árangri.

„EM-úrið var framleitt í hundrad tölum eintökum og seldist fljótt upp. Því framleiddum við HM-

úrið í 300 númeruðum eintökum og er salan nú í fullum gangi,“ segir Grimkell um nýja HM-úrið sem hittir Íslendinga í hjartastað því það er smíðað með mörgum hjartfólgnum tilvísunum.

„Þegar við hönnuðum HM-úrið horfðum við til lítilla smáatriða

sem tengjast landsliðinu. Þar má nefna tölurnar frá einum og upp í ellefu sem eru silfraðar og tákna leikmennina. Tólfan, eða tölustafurinn 12, er rauður og táknar áhorfendur eða stuðningsmenn landsliðsins; sum sé tólfli leikmanninn,“ útskýrir Grimkell um þá



Horft var til þýðingarmikilla smáatriða sem tengjast íslenska landsliðinu við hönnun HM-úrsins. Þar á meðal er sekúnduvísirinn eins og blátt vikingaspjót. MYNDIR/

Framhald af forsiðu →

glæstu úrsmíði sem HM-úrið er. „Við höfðum EM-úrið blátt sem tónaði við lit landsliðstreyjanna en HM-úrið er hvítt með bláum mínústrikum upp í 45. mínútu. Síðustu fimm mínúturnar eru hins vegar afmarkaðar með rauðum strikum og á því svæði mínútuhringsins stendur „half time“, með vísun í leiktímann,“ útskýrir Grímkell.

Sekúnduvísir HM-úrsins er blár og í laginu eins og vikingaspjót.

„Á botni skifunnar er ritað „Fyrir Ísland“ og fyrir neðan miðju er nafn úrsins: World Cup MMXVIII. Þar snýr R-ið öfugt til marks um að keppnin fer fram í Rússlandi. Á bakhliðinni kemur fram nafn framleiðandans, nafn úrsins og tilvitnunin „Var það ekki“ til að minna á fagnaðarsöng landsliðsins eftir sigurveiki,“ upplýsir Grímkell.

Uppfyllir ströngustu kröfur

Fyrstu þrjátíu númer HM-úrsins eru frátekin fyrir landsliðshöpin. Úrin voru afhent íslensku leikmönnum við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica áður en þeir lögðu af stað til Rússlands.

„HM-úrin frá JS Watch eru íslensk úrsmíð frá grunni,“ segir Grímkell. „Þau voru hönnuð á teikniþorði JS í miðbæ Reykjavíkur og allir ihlutir voru sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Sviss og Þýskalandi. Þá eru úrin sett saman hér heima undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmíðameistara, sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur. Frá upphafi hefur því verið leitast við að sameina glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd,“ segir Grímkell og víst er að HM-úrið stenst kröfur.

„Vönduð úr eru munadarvara og fylgihlutur sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga.“

JS Watch co. Reykjavík er á Lauga-vegi 62. Sími 551 4100. Sjá nánar á jswatch.com.



Strákarnir í íslenska karl landsliðinu fengu draum sinn uppfylltan þegar þeim var afhent glæsilegt HM-úrið við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica áður en þeir lögðu af stað í keppnina til Rússlands.



Aron Finnbogason var himinsæll með eigulegt HM-úrið sem kemur að góðum notum og er einstaklega klæðilegt.



Bakhlið HM-úrsins er ekki síður merkileg. Þar er meðal annars áritað: „Var það ekki“ sem minnir á kunnán fagnaðarsöng landsliðsins eftir sigurveiki.



Tölustafirnrir 1 til 11 eru silfraðir og tákna leikmenn landsliðsins en tölustafurinn 12 er rauður og tákna tólfta leikmanninn sem eru stuðningsmenn.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5358

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433